

Erindisbréf

Byggingarnefnd vegna uppbyggingar á framtíðar- skólahúsnæði á Eyrarbakka

Markmið

Meginmarkmið byggingarnefndar er að leggja mat á helstu valkosti vegna uppbyggingar á framtíðarskólahúsnæði á Eyrarbakka og vinna að mótun framtíðarsýnar um skólahald á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Verkefni

Framtíðarsýnin sem byggingarnefnd mótar, í góðu samstarfi við bæjar- og fræðslufirvöld, nemendur og helstu aðila skólasamfélagsins, þarf að vera skýr og raunhæf. Leggja þarf mat á hvort hægt sé að lagfæra gamla skólahúsnæðið eða hvort byggja þurfi nýtt skólahúsnæði á Eyrarbakka frá grunni. Gera þarf kostnaðarmat, ráða verkefnastjóra, auglýsa eftir hönnuðum og setja upp tímaáætlun vegna mögulegrar uppbyggingar og/eða viðhaldsframkvæmda til næstu 3-5 ára. Í störfum sínum taki byggingarnefnd mið af heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks, skólanámskrá Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, nýjstu fagáherslum og þekkingu í skólamálum, svo sem gildandi lögum og reglugerðum um skólamál og menntastefnu Árborgar.

Byggingarnefnd skipa:

Byggingarnefnd skipa þrjú fulltrúar bæjarstjórnar, Brynhildur Jónsdóttir, formaður D-lista, Sveinn Ægir Birgisson, D-lista, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, S-lista. Með byggingarnefnd starfi sérfræðingar af mannvirkja- og umhverfisviði ásamt sérfræðingum af fjölskyldusviði. Einnig skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, fulltrúar starfsfólks og fulltrúar foreldra nemenda við skólann. Fleiri aðilar skólasamfélagsins geta verið kallaðir til vegna hugmyndavinnu en undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða (Design Down Process) gafst afar vel í undirbúningsvinnu hins nýja Stekkjaskóla.

Skipunartími:

Byggingarnefnd skal skila tillögum að færum og ákjósanlegum leiðum við uppbyggingu á framtíðarskólahúsnæði á Eyrarbakka til bæjarstjórnar fyrir 31. maí 2023. Þegar bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun hvað leið verður farin vinnur nefndin áfram að þeirri ákvörðun samkvæmt erindisbréfi. .

Þóknun:

Kjörnum fulltrúum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019.

Samþykkt í xxxxxxxxxxxx 2022